

Reykjavík, 22. október 2018

SFS2018040007

147. fundur

HG/geb/áb

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Niðurstöður lesskímunar í 2. bekk vorið 2018


Í stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2017 er málþroski, læsi og lesskilningur í leik- og grunnskólum einn af fimm umbótaþáttum sviðsins. Læsi er einn af grunnþáttum menntunar í sameiginlegri aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2011.

Tilgangur lesskímunar er að fá heildarmynd af lestrargetu nemenda í Reykjavík við lok 2. bekkjar og gera kennurum og skólum kleift að setja sér markmið um framfarir nemenda með samanburði við stærri heild. Markmið skímunarinnar er einnig að skapa möguleika á samanburði milli ára og gefa skólum tæki til að bera árangur sinn saman við ákveðna heild. Tækið sem notað er til að meta lestrarfærni nemenda heitir *Læsi, lestrarskímun í 1. og 2. bekk*. Tækið mælir hve stór hluti nemenda getur lokið 65% prófsins en það viðmið var sett í samráði við höfunda prófsins.

Að þessu sinni tóku nemendur úr öllum almennum skólum borgarinnar með 2. bekk þátt í lesskímuninni, auk þriggja sjálfstætt starfandi skóla. Heildarfjöldi skólanna sem þátt tóku er 34 og fjöldi nemenda sem svaraði lesskímun jafngildir tæpum 93% af 2. bekkjum í öllum almennum og sjálfstætt reknum grunnskólum Reykjavíkur vorið 2018. Í þeim skólum sem sendu inn niðurstöður, þreyttu rúm 95% nemenda skímunina. Starfsfólk á skóla- og frístundasviði vann úr niðurstöðunum.

Meginniðurstaðan vorið 2018 er sú að 977 nemendur af 1.514, eða **tæplega 65% nemenda**, ná a.m.k. 65% árangri á prófinu. Þessir nemendur teljast því samkvæmt skilgreiningu geta lesið sér til gagns. Nemendur sem ekki ná 65% árangri á lesskímunarprófinu eru 537 eða rúm 35% af öllum hópnum. Af þessum 537 er hópur sem nær árangri á bilinu 50-64% en þeir nemendur teljast vera við það að ná tókum á lestrinum. Þessi hópur telur nú 265 nemendur sem jafngildir rúmum 17% af heildinni. Hópurinn sem nær 0-49% árangri þarf samkvæmt skilgreiningu á sérstökum stuðningi að halda í lestri. Fyrir árið 2018 eru í þeim hópi 272 nemendur sem jafngildir um 18% af heildinni.

Á mynd A má sjá hlutfall nemenda sem nær því viðmiði að geta lesið sér til gagns vorið 2018, samanborið við lesskímanir árána 2002-2017. Á myndinni sést að þegar námundað er að heilli tölu er hlutfall nemenda árið 2018 sem les sér til gagns, 2 prósentustigum herra en árið 2017.



Þeir skólar sem þátt tóku í lesskimuninni hafa fengið senda skýrslu með niðurstöðum síns skóla og allir skólar í Reykjavík munu fá senda skýrslu með niðurstöðum fyrir borgina í heild. Markmiðið með skimuninni er fyrst og fremst að finna þá nemendur sem þurfa sérstakan stuðning eða sérkennslu í lestri. En markmiðið er einnig að fleiri nemendur nái þeirri lestrarfærni við lok 2. bekkjar, að geta lesið sér til gagns. Til þess að svo megi verða þarf hver skóli að skoða vandlega sína stöðu og nemenda sinna og gera áætlun um lestrarnám og byrjendakennslu í lestri sem miðar að betri árangri einstakra nemenda og þar með hópsins í heild. Þess er vænst að skimunin verði skólum hvati til að leita fjölbreyttra leiða í lestrarkennslu bæði í almennri kennslu og sérkennslu og ýta undir lestur almennt með öllum tiltækum ráðum.